

From: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <anna.g.olafsdottir@irn.is>
Sent: mánudagur, 20. júní 2022 16:13
Cc: Ester Anna Ármannsdóttir <ester.armannsdottir@irn.is>; Anna Guðmunda Ingvarsdóttir <anna.ingvarsdottir@irn.is>; Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn.thorsteinsson@irn.is>; karl.bjornsson@samband.is
Subject: Erindi til sveitarstjórnar vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum

Ágæta sveitarstjórn.

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga 2019-2033](#) og [Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) ásamt því að móta [nýja húsnæðisstefnu](#). Með hliðsjón af samþættingu áætlana innan ráðuneytisins fer gagnaöflun að hluta til fram sameiginlega vegna þessara þriggja áætlana.

Hér með er þess farið á leit að sveitarstjórnin veiti upplýsingar inn í svokallaðar grænbækur í málaflokkunum þremur með því að svara færa innlegg inn í þar til gert eyðublað á síðu stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/> eigi síðar en mánudaginn 11. júlí. Eftir að notandi hefur skráð sig inn á vefinn, þarf hann/hún að velja valmöguleikann [Eyðublað](#) við tilheyrandi táknmynd efst á vefsvæðinu, síðan [Innviðaráðuneyti](#), [Upplýsingagjöf](#) og að lokum [Innlegg sveitarfélaga](#) til að nálgast eyðublaðið.

Grænbókum er ætlað að leggja grunn að stöðumati helstu [lögbundinna verkefna](#) og annarra helstu viðfangsefna sveitarfélagsins, greiningu áskorana, valkosta og tækifæra í uppfærslu stefnumótunar stjórnvalda á þessum sviðum.

Athygli er vakin á því að ekki verður vitnað í einstaka svör í grænbókunum heldur er litið á innlegg frá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem verðmætan þátt í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins á þessum sviðum.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð og hnitmiðuð, byggist á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins í málaflokkunum.

Virðingarfyllst,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)